

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2000

frá 28. júní 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2000 frá 4. febrúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/99/EB frá 15. desember 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 80/1269/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi vélarafl vélknúinna ökutækja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/100/EB frá 15. desember 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 80/1268/EBE um koldíoxíðútblastur og eldsneytiseyðslu vélknúinna ökutækja⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/101/EB frá 15. desember 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/157/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/102/EB frá 15. desember 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 334, 28.12.1999, bls. 32.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 334, 28.12.1999, bls. 36.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 334, 28.12.1999, bls. 41.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 334, 28.12.1999, bls. 43.

- 6) Í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu ber að breyta aðlögunarliðunum við tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

2. lið (tilskipun ráðsins 70/157/EBE) í I. kafla í II. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi nýr undirliður bætist við:

„- **399 L 0101:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/101/EB frá 15. desember 1999 (Stjtíð. EB L 334, 28.12.1999, bls. 41).“

2. Í aðlögunarliðum a) og b) falli færslur fyrir Austurríki, Svíþjóð og Finnland niður.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0102:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/102/EB frá 15. desember 1999 (Stjtíð. EB L 334, 28.12.1999, bls. 43).“

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 42. lið (tilskipun ráðsins 80/1268/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0100:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/100/EB frá 15. desember 1999 (Stjtíð. EB L 334, 28.12.1999, bls. 36).“

4. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 43. lið (tilskipun ráðsins 80/1269/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0099:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/99/EB frá 15. desember 1999 (Stjtíð. EB L 334, 28.12.1999, bls. 32).“

5. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 1999/99/EB, 1999/100/EB, 1999/101/EB og 1999/102/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórmsýsluleg skilyrði tilgreind.